

Tillaga Garðabæjarlistans um virkjun til atvinnupátttöku

Bæjarráð samþykkir að fela yfirfélagsráðgjafa Garðabæjar að lista upp öll fyrirtæki sem eru með starfsemi í Garðabæ og óska eftir aðstoð þeirra við að virkja þá sem ekki hafa vinnu til að koma þeim í virka atvinnu. Þau fyrirtæki sem taka þátt í þessu verkefni fá meðgjöf með hverjum starfsmanni sem telur sama starfshlutfall og hlutfall af fjárhagsaðstoð Garðabæjar.

Greinargerð

Það liggur fyrir að úrræði vantar í Garðabæ til að virkja atvinnupátttöku þeirra sem ekki eru í starfi og því væri það til mikillar fyrirmyndar að vinna markvisst að því með einföldum hætti að styðja við og vera hvetjandi fyrir fólk sem af einhverjum ástæðum þiggur fjárhagsaðstoð. Mikilvægt er að Garðabær hafi úrræði til að virkja fólk til atvinnupátttöku. Það er samfélagslega hagkvæmt að sem flestir íbúar geti tekið þátt í atvinnulífinu.

Dæmi um nánari útfærslu er að finna hér:

Ef starfsmaður er í 10% starfi fær hann sem nemur 10% hlutfall af fjárhagsaðstoð Garðabæjar sem meðgjöf.

Einnig geta fyrirtæki ráðstafað þessu starfshlutfalli á þann hátt sem hentar ss. ef fyrirtæki útvegar 20-30% starfshlutfall þá geta það verið 3 starfsmenn í 10% starfi.

Yfir félagsráðgjafi heldur utan um þennan lista, uppfærir og er í samstarfi og samtali við fyrirtækin. Listinn inniheldur tímalengd, hæfnikröfur og hlutfall sem yfirfélagsráðgjafi ræður í með eða án aðstoðar mannauðsstjóra Garðabæjar og er þar starfsfólk valið í störfín með tilliti til hæfni og getu viðkomandi. Eða yfirfélagsráðgjafi gefur viðkomandi fyrirtæki hugmyndir að 2-3 starfsmönnum sem fyrirtækið velur með formlegu viðtalsferli. Ákvörðun um hvor leiðin sé farin er í höndum yfirfélagsráðgjafa.